

**Varðar: fyrirspurn – Hjarðarhagi 54-58**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lögð fram fyrirspurn Aðalheiðar L. Guðmundsdóttur, dags. 1. maí 2024, ásamt greinargerð, ódags., um að setja hálfgrafna djúpgáma á lóð nr. 54-58 við Hjarðarhaga, samkvæmt tillögu, ódags.

*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040**Deiliskipulag**Götumynd tekin af Já.is***Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Hjarðarhaga 54-58 borgarhluta 1 Vesturbæ og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB3 Hagar.


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. júní 1948, með síðari breytingum.

**Umsögn**

Húsið á lóð nr. 54-58 er fjölbýlishús á sex hæðum, með þrem stigagöngum, byggt árið 1956. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir djúpgámum á lóðinni.

Til þess að koma djúpgámum fyrir á þeim stað sem spurt er um þarf að raska runna sem er þar fyrir. Að auki liggja lagnir undir svæðinu sem spurt er um en til þess að koma djúpgámum fyrir þarf að færa þær og skal lóðarhafi standa fyrir þeim framkvæmdum.

Möguleiki er á að velja staðsetningu á lóðinni sem hentar betur m.t.t. lagna, aðkomu og umferðaröryggis.

*Löftkort tekið úr borgarvefsjá, línur sýna hvar lagnir liggja á lóðinni*

Skv. hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík henta hálfniðurgrafnir gámar úr plasti ekki til losunar af sorphirðu Reykjavíkur en í hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir er að finna leiðbeiningar um hvernig djúpgáma heimilt er að setja niður þannig að hægt sé að losa gámana, en eingöngu ein gerð gáma hentar þannig að bílar sorphirðu Reykjavíkur geti losað úrgang.

#### **Niðurstaða**

- ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað til þess að koma fyrir djúpgámum á lóðinni þar sem að djúpgámar skulu alltaf vera á skilgreindum byggingarreit.
- hafa þarf samráð við Veitur vegna færslu lagna á lóð
- djúpgámar skulu vera í samræmi við hönnunarviðmið um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,  
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar  
verkefnastjóri